



FUNDARGERÐ

3. fundur Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, 29. október 2018 og hófst hann kl. 08:45.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Steindór Tómasson, Guðmundur Gíslason og Guðni Kristinsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sátu fundinn Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 30092018 - 1810071

Farið yfir rekstur veitunnar janúar-september.

2. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2018 - 1810072

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps 2018. Tillaga um að hækka áætlun vegna rekstrarkostnaðurs um kr. 9.134 þús. Dýrar bilanir hafa komið upp á árinu sem hafa orskakað það að rekstrarkostnaður verður meiri en áætlað var. Tillaga um að lækka áætlun vegna fjárfestingar á árinu um 21,5 milljónir kr. Framkvæmdir vegna miðlunartanks í Hjallanesi eru enn á undirbúningsstigi og því verður fjárfesting ársins ekki eins mikil og áætluð var. Önnur fjárfestingarverkefni hafa þó bæst við sem vega á móti s.s. lagnir í nýju hverfi á Hellu og fl. Tillaga um að lántaka ársins verði kr. 120 milljónir í stað 65 milljóna eins og áætlað var. Þessi lántaka dugar þá til að fjármagna fjárfestingu þessa árs og fjárfestingu ársins 2019. Engin lántaka verður þá í áætlun 2019.

Samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2019 - 1809009

Tillaga að fjárhagsáætlun 2019

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 82,5 m, rekstrarkostnaður auk fjármagnsliða 56,5 m og og rekstrarniðurstaða 26,0 m. Fjárfesting ársins verði 90 m.

Samþykkt samhljóða.

4. Málefni notenda vatnsveitu - 1709022

Frestað til næsta fundar sem áætlaður er 3 desember nk kl 8:30 á Laugalandi.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:50.


Haraldur Eiríksson


Steindór Tómasson


Guðmundur Gíslason
